

Alþingi
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir - Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hafnarljörður, 11.05.2023

Tilv.2023-04-28-0385

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).

Við vinnslu frumvarpsins var leitað umsagnar Fiskistofu, athugasemdir sem stofnunin gerði voru að einhvefju leiti teknar til greina og eru aðrar athugasemdir endurteknar hér.

Frumvarpið mælir fyrir um hlutdeildasetningu grásleppu.- Lagt er til að hlutdeildasetning verði svæðaskipt, í og útfærslur á því hvemig grásleppa verður hlutdeildasett. KAFLI Breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997

Fiskistofa telur ekki heppilegt aðmæla fyrir um svæðaskiptingu fyrir veiðistjórn grásleppu með því breyta núgildandi 1. mgr. 7. gr. sem er í grunnin leyfisveitingarákvæði. Telur Fiskistofa að betur færi að hafa þetta ákvæði annarsstaðar með tilliti til uppbyggingu laganna, t.d. sem nýja 5. gr. a. (5. -gr. mælir fyrir um svæði, 6. gr. leyfi og núgildandi 7. gr. mælir einnig fyrir um leyfi).

1. KAFLI Breyting á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006

Efni 3. gr. frumvarpsins ætti betur heima í 8, 12, og 15. gr. laganna. Varðandi síðasta málsliðinn þá þarf að taka fram hvað verður um hlutdeildina sem felld er niður,

Fiskistofa bendir einnig á að hlutdeildasetning í sæbjúgum var niður á svæði og sú aðferðafræði er skýrari. Þá er það einnig nýmæli að einungis skip með hlutdeild og aflamark megi stunda veiðarnar - þarna er verið að girða fyrir að aðilar leigi til sín heimildir og veiði.

Að lokum vill Fiskistofa nefna að efni frumvarpsins felur í sér ný verkefni fyrir Fiskistofu. Hér er sérstaklega vísað til eftirlits með því að aflaheimildir flytjist ekki milli svæða. Til að kom á slíku eftirliti þarf að uppfæra tölvukerfi og setja girðingar á heimildirnar. Fiskistofa

Formatted: Normal, Don't adjust space between Latin and Asian text, Don't adjust space between Asian text and numbers

hefur ekki forræði yfir því hvar skip eru skráð og kallar þetta því einnig á aukid samstarf milli stofnanna. Þessi framkvæmd er frábrugðin annarri framkvæmd aflamarksstjórnar og mun fela í sér ný verkefni sem þarf að fjármagna

Þá er einnig frumvarpinu lagt til að 5,3% aflamagns í grásleppu verði nýtt sem aflamark fyrir nýliða. Mikilvægt er að reglur um slíka framkvæmd verði mjög skýrar, einfaldar og fyrirsjáanlegar í framkvæmd og mun þetta einnig vera nýtt verkefni sem kallar aukinn mannafla og fjármagn hjá Fiskistofu.

F.h. Fiskistofu
Svana Helgadóttir

